

KNATTSPYRNUDEILD SINDRA

2025

LEIKSKRÁ SINDRA

SUMARIÐ 2025



VS




LAUGARDAGUR
28. JÚNÍ

SINDRI
VS. ÍR

16:00

JÖKULFELLSVÖLLURINN

VELKOMIN Á
JÖKULFELLSVÖLLINN



BYRJUNARLIÐ:

1 - EMILÍA ALÍS (M)

2 - SARAI

3 - FREYJA SÓL

4 - MICHELLE

7 - ÓLÖF MARÍA

9 - ÍRIS ÖSP

11 - ARNA ÓSK

14 - NOELIA

20 - MILI

22 - CARLY

25 - FANNEY RUT

VARAMENN:

6 - THELMA

8 - SUNNA

19 - SOLYANA

21 - GUÐRÚN VALA



STÓRDANSLEIKUR KNATTSPYRNUDEILDAR SINDRA
Á HUMARHÁTID

STUÐLA- BANDIÐ



2025

18+



Ice Lagoon Höllin



Húsið opnar 23:00
Ballíð byrjar 00:00

STUÐLA
BANDIÐ



Forsala: 5500kr
Við hurð: 6500kr

HAMBORGARAR HAMBORGARAR HAMBORGARAR



TIL SÖLU EFTIR BALLIÐ Í ÍÐRÓTTAHÚSINU
HÆGT AÐ KAUPA Í SUNDLAUGINNI



2500KR - GOS INNIFALIÐ
POSI VERÐUR Á STAÐNUM



BRUNNHÓLL



Skinney - Þinganes hf

FYRIRLIÐI MEISTARAFLOKKS KVENNA

Ólöf María Arnarsdóttir er uppalin Sindrakona og hefur spilað fyrir með meistaraflokki kvenna í þónokkur ár. Hún er fyrirliði liðsins í ár og mun efalaust sinna því ábyrga starfi vel. Í fyrra rauf hún 100 leikja múrinn fyrir leiki á Íslandsmóti en hún á 146 leiki fyrir Sindra í heildina.

Þetta hefur Ólöf María að segja um liðið og tímabilið núna:

Stemmingin í hópnum er ávallt góð hjá okkur stelpunum, við náðum að halda í allar þær heimastelpur sem voru í fyrra, sem er æðislegt. Einnig eru ungar og efnilegar stelpur að taka sín fyrstu skref með okkur í meistaraflokki sem styrkir hópinn ennþá meira.

Fyrir sumarið fengum við fimm nýja erlenda leikmenn sem munu hjálpa liðinu mikið og erum við mjög þakklátar þeim. Hópurinn er ekki mjög stór en byggist hann á mjög efnilegum og góðum ungum leikmönnum. Við settum okkur nokkur markmið fyrir sumarið sem ég hef alla trú um að við náum sem lið ef allir leggja sig 100% fram.

Ég vil biðja stuðningsmenn okkar að mæta á völlinn og hvetja okkur stelpurnar í sumar, með ykkar stuðningi og trú verður allt betra.

ÁFRAM SINDRI



ÞJÁLFARI MEISTARAFLOKKS KVENNA

Heil og sæl öll og velkomin á völlinn!

Sumarið fór afstað hjá okkur stelpunum fyrir þónokkru síðan og höfum við spilað sex leiki það sem af er sumri. Frammistöður sumarsins hafa heilt yfir verið góðar þó úrslitin hafa ekki alltaf dottið með okkur.

Hópurinn er ekki sá stærsti en samheldnin er til staðar. Við bættum við okkur erlendum leikmönnum til að halda þessu verkefni gangandi. Jovana eða Millí er komin aftur „heim“ en hún spilaði síðast með okkur sumarið 2022. Þær Carly og Michelle koma til okkar frá Bandaríkjunum og smullu strax vel inn í hópinn. Eftir að sumarið byrjaði bættust við tveir leikmenn frá Spáni, þær Saray og Puche.

Úr yngriflokka starfinu okkar hafa síðan Guðrún Vala Ingólfssdóttir og Sunna Birgisdóttir bæst í hópinn en Guðrún Vala spilaði sína fyrstu leiki fyrir okkur síðasta sumar.

Þær Hildur Kara Steinarsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir spiluðu sína fyrstu leiki fyrir meistaraflokk þegar þær komu inn á í fyrstu umferð gegn Smára. Þær eru báðar fæddar árið 2011 og eru því enn í 4. flokki.

Leikurinn í dag er aðeins annar heimaleikurinn okkar og fáum við okkar gamla félagar Vesko í heimsókn með sínar dömur í Fjölni.

Leikurinn í dag er upphafið af smá heimaleikjahrinu hjá stelpunum en fjórir af næstu fimm leikjum spilast á Jökulfellsvelli.

Við þurfum svo sannarlega á stuðningi ykkar að halda og vonumst við eftir því að sjá sem flesta rauðklædda í stúkunni hvort sem það er hjá okkur í meistaraflokki kvenna eða hjá strákunum. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að fámennur staður eins og Höfn nái að halda úti í liði bæði í meistaraflokki kvenna og karla.

Áfram Sindri!



SPIIDEO APPIÐ

Knattspyrnudeildin hefur nú fært sig yfir á nýtt kerfi til að sýna leiki í beinni útsendingu og upptökum! Við erum hætt að nota VEO Live og höfum tekið í notkun SPIIDEO – öflugt kerfi sem býður upp á enn betri upplifun fyrir stuðningsmenn okkar.

Það er voða einfalt að horfa:

1. Finna "SPIIDEO" á Play eða App Store eða á live.spiideo.com
2. Skráðu þig inn eða búðu til nýjan aðgang
3. Leitaðu að UMF Sindri til að finnaleikina
4. Borga fyrir leikinn. eða gerst áskrifandi fyrir tímabilið
5. Njóta!

Kemstu ekki á völlin en langar að horfa á leikinn?
Fylgstu þá með á SPIIDEO! Leikir Sindra eru sýndir LIVE á appinu hvort sem eru heimaleikir eða útileikir, karla eða kvenna leikir og það er einnig hægt að horfa á leiki yngri flokkanna!



CRAFT 



VÍS



SÍÐUSTU LEIKIR MFL KVENNA



VS



2-1

⚽ 90'+3 Carly Wetzel



VS



3-1

⚽ 7' Ólöf María



VS



0-2

NÆSTU LEIKIR Á JÖKULFELLSVELLI

Á MORGUN!



Meistaraflokkur karla

Sindri - Árbær
29. júní kl 16:00



Meistaraflokkur kvenna

Sindri - ÍH
6. júlí kl 15:00



Meistaraflokkur karla

Sindri - Tindastóll
12. júlí kl 16:00



**Sjáumst þar,
Áfram Sindri!!**

Kærar þakkir fá sjálfboðaliðar knattspyrnudeildar Sindra,
við gætum þetta ekki án ykkar.



KYNNUM STJÓRN MEISTARAFLOKKS

Hver ert þú?

Steindór Sigurjónsson, ég starfa sem hótelstjóri Hrafnaveilir Guest House, svo er ég líka í bæjarpólitíkinni á Höfn en það sem er skemmtilegast er að vera í stjórn Knattspyrnudeildar Sindra.

Hver er þín staða í stjórninni og helstu verkefni?

Ég er óbreyttur stjórnarmaður og með mikið af verkefnum á mínum höndum, til að nefna eitthvað þá sé ég um Spiideo frá a til ö og lýsi þar leikjum og miðla þeim upplýsingum til annarra liða og meira.

Hvernig er að vera í stjórn?

Það er geggjað að vera í stjórn og það er alltaf gaman hjá okkur og reynum við að vinna allt mjög samtaka og og lyfta upp fótboltanum hérna á Höfn fyrir iðkendur okkar.

Hvernig leggst tímabilið í þig?

Tímabilið leggst bara vel í mig, ég hef ekki trú á öðru en við munum koma vel út úr þessu ári.

Hvernig hefur undirbúningur fyrir tímabilið gengið?

Það er eins og alltaf þá gengur ekki allt upp sem við hefðum óskað okkur. En við erum útsjónarsöm og höfum, að mínu mati, gert allt sem við getum gert eins og staðan er í dag.

Hver er þín tenging við fótboltann?


Ég er fæddur og uppalinn hérna á Höfn og stundað íþróttir með Sindra síðan ég man eftir mér. Var í sirka 2 ár í fimleikum þegar ég var ungur í kringum 1 og 2 bekk. Hef verið í fótbolta nánast síðan ég var barn. Var einn af þeim sem endurvakti körfubolta hérna á Höfn með Arnar. Í dag er ég líka í húsnefnd um Heklu.

Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn í Sindra

– í dag eða í gegnum tíðina?

Úff þessi er erfið að segja ég spilaði með nokkrum sem mér fannst geggjaðir eins og hann Alex Freyr sem er fyrirliði ÍBV í dag.

Svo svona í endann þá finnst mér mikilvægt að við allir Hornfirðingar erum Sindramenn og allir ættu að styðja við okkar íþróttakrakka og koma þeim eins langt og hægt er.



HAFÐU SAMBAND:

 Knattspyrnudeild UMF. Sindra

 @fotboltisindri

 @fotboltisindri

 knattspyrna@umfsindri.is

 umfsindri.is